

Nd.

607. Frumvarp til laga

[202. mál]

um Stéttarsamband bænda, samningsrétt þess og aðild að verðákvörðun á landbúnaðarvörum, Kjararannsóknarstofnun bænda, Rannsóknar- og eftirlitsnefnd með vörudreifingu landbúnaðarins og dreifingarkostnaði á landbúnaðarvörum, framleiðsluáætlanir, Útflutningsráð landbúnaðarins o. fl.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Stéttarsamband bænda fer með fyrirvar bænda um verðákvörðanir á framleiðsluvörum bænda, samninga, er þau mál varða, gagnvart ríkisvaldinu, svo og um önnur kjara- og hagsmunamál bændastéttarinnar og ákvörðanir af hendi bænda samkvæmt lögum þessum.

Landbúnaðarráðherra fer með fyrirvar ríkisins að því er varðar samninga um verðákvörðanir á framleiðsluvörum bænda, svo og um önnur kjara- og hagsmunamál bænda, sem Stéttarsamband bænda er í fyrirsvari um fyrir hönd bænda skv. 1. mgr.

Landbúnaðarráðherra getur skipað nefnd þriggja til fimm manna til að annast af sinni hendi samninga við tilsvarendi nefnd Stéttarsambands bænda.

Útflutningsráð landbúnaðarins skv. lögum þessum heyrir undir landbúnaðarráðherra. Samning framleiðsluáætlana landbúnaðarins skv. lögum þessum heyrir undir viðskiptamálaráðherra.

Kjararannsóknarstofnun bænda skv. lögum þessum heyrir undir þann ráðherra, sem hliðstæðar stofnanir, svo sem Efnahagsstofnunin, heyra undir.

Rannsóknar- og eftirlitsnefnd með vörudreifingu landbúnaðarins og dreifingar-kostnaði á landbúnaðarvörum heyrir undir þann ráðherra, sem fer með verðlagsmál.

Ákvarðanir um útflutningsbætur á landbúnaðarvörur svo og niðurgreiðslur á verði þeirra á innanlandsmarkaði heyra undir fjármálaráðherra.

Ákvarðanir um innflutning á landbúnaðarvörum heyra undir þann ráðherra, sem fer með verðlags- og viðskiptamál.

2. gr.

Stéttarsamband bænda kemur fram fyrir hönd bænda í málefnum bændastéttarinnar, sbr. 1. gr. þessara laga. Stjórn Stéttarsambands bænda velur 5 menn í nefnd, sem fer með umboð Stéttarsambandsins til samningagerðar við ríkisvaldið, sbr. 3. mgr. 1. gr. þessara laga.

3. gr.

Bændur eiga rétt á að stofna stéttarfélög í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum bændastéttarinnar.

Bóndi er sérhver sá, að skilningi laga þessara, sem er ábúandi á lögbylí og hefur framfæri að meiri hluta af landbúnaði.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu árlega, eigi síðar en 15. febrúar, að fengnum upplýsingum sveitarstjórna, hreppstjóra og skattstjóra í umdæmum sínum, semja skýrslu um bændur í umdæminu.

4. gr.

Stéttarfélög bænda, sem stofnuð kunna að verða, skulu opin öllum bændum á félagssvæðinu, en að öðru leyti setja félögin sér sjálf lög og samþykktir, sem í aðalatriðum skulu vera í samræmi við lög og samþykktir Stéttarsambands bænda. Þing Stéttarsambands bænda á úrskurðarvald um, hvort svo sé, og getur beint því til stéttarfélags að breyta lögum sínum og samþykktum í samræmi við lög Stéttarsambandsins.

5. gr.

Heimilt er að ákveða, að félagssvæði stéttarfélags bænda megi aldrei vera minna en eitt sýslufélag eða kaupstaður. Heimilt er þingi Stéttarsambands bænda einnig að ákveða, að félagssvæði skuli ná yfir fleiri en eina sýslu og/eða kaupstað, ef slíkt félagssvæði getur talizt samfellt framleiðslusvæði, þ. e. svæði með svipuðum framleiðsluskilyrðum og framleiðsluháttum að því er landbúnað varðar.

6. gr.

Bændur kjósa fulltrúa á þing Stéttarsambands bænda eftir ákvæðum í lögum sambandsins.

Þing Stéttarsambands bænda hefur æðsta vald í félagsmálefnum þess.

7. gr.

Setja skal á stofn Kjararannsóknarstofnun bænda, er sé sjálfstæð ríkisstofnun og hafi það hlutverk að afla eins ýtarlegra og áreiðanlegra upplýsinga og framast er kostur um kjör bænda, aðstöðu og aðbúnað, vinnutíma þeirra og skylduliðs þeirra, svo og aðkeypts vinnuafis, raunverulegan framleiðslukostnað landbúnaðarvara og öll önnur atriði, er varðað geta verðlagningu landbúnaðarvara og stuðlað geta að því, að ákvörðun verðlags á þeim til bænda geti orðið sem sanngjörnst og réttlátust.

8. gr.

Kjararannsóknarstofnun bænda skal taka við yfirstjórn Búreikningaskrifstofu ríkisins, en að öðru leyti skal sú skrifstofa starfa skv. lögum um hana frá 1936 (l. nr. 12 1. febr. 1936) með síðari breytingu (l. nr. 35 27. júní 1941). Stefnt skal að því, að skrifstofan fái í hendur árlega sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og hag allra bænda á landinu, þannig gerðar, að svör fáiist um sömu atriði, svo að samanburður og frágangur yfirlitsskýrslna verði sem auðveldastur.

9. gr.

Kjararannsóknarstofnun bænda skal enn fremur safna upplýsingum um ástand allra byggðra býla á landinu, landstærð þeirra, stærð ræktaðs lands, húsakost, þægindi í íbúðarhúsum, fjölskyldustærð ábúanda og tölu vinnandi skylduliðs hans, gerð og ástand gripahúsa, áhöfn, vélakost og afurðir bús, hvernig ástatt er um samgöngur, rafmagnssamband, síma o. s. frv., enn fremur um ræktunarmöguleika, þar með taldir möguleikar á aukningu hlunninda eða bættri aðstöðu ábúanda þeirra til aukinnar og ódýrari framleiðslu landbúnaðarafurða með hugsanlegri opinberri aðstoð eða annarri fyrirgreiðslu.

10. gr.

Kjararannsóknarstofnun bænda skal láta fara fram sérstaka og ýtarlega rannsókn á því, hvaða bústærð er hagkvæmust í hverri búgrein og hvort sérhæfing bóva, t. d. að sauðfjárrækt, nautgriparrækt eða matjurtaækt, sé æskileg á vissum landbúnaðarsvæðum. Skal rannsókn þessi gerð með það fyrir augum að afla rökstuddra upplýsinga um, hverjar aðgerðir hins opinbera séu æskilegar til þess að stuðla að sem mestri hagkvæmni og framleiðni í landbúnaðarframleiðslunni, og þá sérstaklega hvernig aðstoðar og fyrirgreiðslu sé þörf við þann flokk bóva, sem athuganir sýna, að ekki hafa hagkvæma framleiðslu við núverandi skilyrði og aðstöðu.

11. gr.

Nú kemur í ljós við slíka rannsókn, að einstakar jarðir, sem eru í ábúð, hafa ekki framtíðarskilyrði til hagkvæms búrekstrar, og skal Kjararannsóknarstofnun bænda þá, að höfðu samráði við viðkomandi sveitarstjórnir, gera tillögur til landbúnaðarráðherra um, að búrekstri á slíkum jörðum verði hætt, en eigendur þeirra og/eða ábúendur verði gerðir skaðlausir af slíkum ráðstöfunum og styrktir til búrekstrar á jörðum við hagkvæmari skilyrði, ef þeir óska.

Á sama hátt skal Kjararannsóknarstofnunin gera sjálfstæðar tillögur til úrbóta, ef það kemur í ljós við rannsókn, að stórrekstur í búskap sé óhagstæður og framleiðni lítil, miðað við fjármagn bundið í honum og dýrt aðkeypt vinnuafl. Skal í slíkum tilfellum takmarka eða fella niður frekari ræktunarstyrk til viðkomandi býlis og takmarka útflutningsbætur á afurðir þess við hámark, sem sé ekki hærra en 10% yfir meðaltal útflutningsbóta í heild, deilt á byggð býli í landinu.

12. gr.

Kjararannsóknarstofnun bænda skal, auk búreikninga bænda, sem safnað er skv. 8. gr., hafa aðgang að öllum skýrslum, sem Hagstofu Íslands berast um framleiðslu búvöru og annað, er varðar afkomu bænda. Hún skal enn fremur hafa aðgang að öllum framtalsskýrslum bænda til skatts ár hvert og aftur í tímann, eftir því sem henni þykir þurfa, til þess að fylgjast með þróun landbúnaðarframleiðslu og afkomu bænda frá ári til árs. Stofnunin skal hafa aðgang að þeim tækjum, sem fullkomnust eru og tiltæk hér á landi til endanlegrar úrvinnslu allra gagna, er hún hefur undir höndum og nota þarf við rannsóknir hennar og skýrslugerðir.

Skýlt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að láta Kjararannsóknarstofnuninni í té allar upplýsingar, er henni þykir nauðsynlegar, til þess að hún geti innt hlutverk sitt af hendi.

Forstöðumanni Kjararannsóknarstofnunarinnar og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag og tekjur einstakra manna eða stofnana. Stofnunin skal hins vegar, eigi sjaldnar en einu sinni á ári, birta opinberlega almennar skýrslur um rannsóknir sínar og niðurstöður þeirra um ástand og þróun landbúnaðarframleiðslunnar í landinu og um afkomu og hag bændastéttarinnar. Sérstaklega skal dreifa meðal bænda þeim skýrslum og niðurstöðum rannsókna, er orðið geta bændum og öðrum til leiðbeiningar um aukna hagkvæmni og framleiðni á sviði landbúnaðarframleiðslunnar.

Kostnaður við Kjararannsóknarstofnunina greiðist úr ríkissjóði.

13. gr.

Rannsóknar- og eftirlitsnefnd með dreifingarkerfi og dreifingarkostnaði landbúnaðarvara skal starfa í náinni samvinnu við Kjararannsóknarstofnun bænda.

Nefndin skal skipuð sjö mönnum, þremur tilnefndum af eftirgreindum landsamtökum launþega, einum af hverju: Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, og þremur mönnum tilnefndum af Stéttarsambandi bænda. Sjöundi maður nefndarinnar skal vera forstöðumaður Kjararannsóknarstofnunar bænda, og er hann formaður nefndarinnar.

Nefndin skal kynna sér til hlítar allt fyrirkomulag og starfsemi þeirra aðila, fyrirtækja og stofnana, sem annast vinnslu, dreifingu og sölu landbúnaðarafurða. Skulu þeir skyldir til að láta nefndinni í té allar upplýsingar, er hún óskar, og gera henni kleift að kynna sér sem nákvæmlegast í reynd alla starfsemi þeirra og rekstur.

Nefndinni er heimilt að ráða í þjónustu sína sérfróða menn sér til aðstoðar.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með því, að vinnsla, dreifing og sala landbúnaðarvara sé sem hagkvæmust og ódýrust, þannig að milliliðakostnaður hvers konar, sem leggst á landbúnaðarvöru, frá því að framleiðendur skila henni af hendi og þangað til hún kemst til neytenda, sé sem allra lægstur.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, en ráðherra ákveður þóknun til nefndarmanna.

14. gr.

Kjararannsóknarstofnun bænda skal, eigi síðar en 15. júní ár hvert, láta landbúnaðarráðherra, eða nefnd þeirri, er hann kann að skipa, sbr. 3. mgr. 1. gr., til þess að annast samninga af sinni hendi, og nefnd þeirri, er stjórn Stéttarsambands bænda velur skv. 2. gr., til þess að fara með umboð Stéttarsambandsins til samningagerðar, í té allar þær upplýsingar og skýrslur, sem hún hefur aflað og undirbúið um hag, afkomu og kjör bænda á næstliðnu verðlagsári og máli geta skipt fyrir verðlagningu landbúnaðarafurða.

Fyrir sama tíma skal Rannsóknar- og eftirlitsnefnd með dreifingarkerfi og dreifingarkostnaði landbúnaðarvara, sbr. 13. gr., láta sömu aðilum í té allar skýrslur, athuganir og ábendingar, er hún hefur að gera varðandi möguleika á aukinni hagkvæmni í dreifingu landbúnaðarvara og lækkun dreifingarkostnaðar.

Stjórn Stéttarsambands bænda og nefnd sú, er hún velur til samningagerðar, annars vegar, og landbúnaðarráðherra og/eða nefnd sú, er hann skipar til að annast samninga af sinni hendi, hins vegar, geta hvenær sem er óskað eftir sérstökum rannsóknum, athugunum og skýrslum frá hendi Kjararannsóknarstofnunar bænda um einstök atriði, er þessir aðilar telja máli skipta, og skal Kjararannsóknarstofnunin verða við slíkum óskum, eins fljótt og verða má.

15. gr.

Eins fljótt og verða má eftir 15. júní ár hvert skal samninganefnd Stéttarsambands bænda og landbúnaðarráðherra, eða nefnd sú, er hann skipar, sbr. 3. mgr. 1. gr., ganga til samninga um kjara- og hagsmunamál bænda, þ. á m. verðákvörðun landbúnaðarvara.

Samningsaðilar skulu leitast við að ná samkomulagi, er sé bindandi fyrir báða aðila í eitt ár hið minnsta, en lengur, ef báðir aðilar eru á það sáttir og sammála um reglur, er verða breytingar á verðlagsákvörðun eða öðrum samningsatriðum vegna breyttra aðstæðna, en að óbreyttum samkomulagsgrundvelli.

Stefnt skal að því að ná milli samningsaðila heildarsamkomulagi um landbúnaðarmál, þ. e. kjara- og hagsmunamál bændastéttarinnar í heild, þ. á m. um eftirfarandi atriði:

1. Ákvörðun verðlags á landbúnaðarvörum til bænda, söluverð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu og reglur um breytingar á því í samræmi við aðrar verðlagsbreytingar á samningstímabilinu.

2. Ráðstafanir til þess að efla hagkvæmni og framleiðni í framleiðslu landbúnaðarvara, þ. á m. ráðstafanir til þess, að heildarframleiðslan verði á hverjum tíma í sem mestu samræmi við þarfir hins innlenda markaðar, en að framleiðsla umfram þær þarfir á vörum, sem seljast ekki á erlendum markaði nema undir innanlandsverði, sé sem allra minnst.

3. Ráðstafanir til þess að efla neyzlu innanlands á íslenskum landbúnaðarvörum, m. a. með því að lækka dreifingarkostnað og koma til móts við óskir neytenda um frágang og gæði varanna og hagkvæma dreifingu til neytenda.

4. Reglur um innflutning á landbúnaðarvörum til samanburðar við verð og gæði innlendirar framleiðslu.

5. Opinbera aðstoð og styrkveitingar, í hvaða formi sem er, til landbúnaðarins og bænda, þ. á m. lánsfjármál bænda, bæði að því er varðar stofnlán og rekstrarlán, enda sé þess gætt, að opinber aðstoð til landbúnaðarins verði ekki til þess að auka umframframleiðslu, sem síðar verði að styrkja með útflutningsbótum.

Hér er m. a. átt við styrki til að koma smábúum í hagkvæmari rekstrarstærð, svo og að semja um bætur til bænda vegna erfiðrar aðstöðu til búrekstrar, þar sem þó þykir rétt, að byggð haldist.

16. gr.

Nú næst ekki meiri hluti í samninganefndum um atriði, er meiri hluti samninganefndamanna telur miklu máli skipta, og skal þá innan eins mánaðar, frá því að samningaumleitani hófust, vísa ágreiningnum til sáttasemjara ríkisins. Skal sáttasemjari leitast við að finna málamiðlun í ágreiningsatriðum og leggja fram tillögur þeim til úrlausnar, og fer um sáttatilraunir hans og tillögur til lausnar deilunnar, eftir því sem við á, skv. ákvæðum laga nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélag og vinnudeilur.

Nú hefur sáttasemjari hætt sáttatilraunum með öllu, vegna þess að hann telur þær árangurslausar, og getur þá forsætisráðherra skipað sérstaka sáttanefnd vegna deilunnar. Beri starf hennar ekki árangur og samkomulag hafi ekki náðst fyrir 15. október það ár, er samningar fara fram, er Stéttarsambandi bænda heimilt að ákveða sölustöðvun á landbúnaðarvörum að uppfylltum þeim skilyrðum og takmörkunum, sem sett eru stéttarfélagum um að gera verkföll í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum og til verndar rétti sínum, í 14., 15. og 16. gr. laga um stéttarfélag og vinnudeilur, nr. 80. 11. júní 1938.

17. gr.

Kjararannsóknarstofnun bænda skal ár hvert í samvinnu við Efnahagsstofnuna gera framleiðsluáætlun fyrir landbúnaðinn á komandi verðlagsári og jafnframt, eftir því sem unnt er, sams konar áætlun nokkur ár fram í tímann.

Í áætlunum þessum skal það lagt til grundvallar, að íslenzkur landbúnaður geti á hverjum tíma fullnægt þörfum þjóðarinnar fyrir sem allra flestar tegundir landbúnaðarafurða, en framleiðsla umfram þær þarfir miðist við markaðsmöguleika erlendis á viðunandi verði.

Annað grundvallaratriði áætlunargerðarinnar sé, að landbúnaðarframleiðslan fari fram með eins hagkvæmum hætti og unnt er fyrir þjóðarheildina, ráðstafanir verði gerðar til þess að auka framleiðni í hvívetna og styðja framleiðendur til þess með opinberum aðgerðum, jafnframt því sem ráðstafanir séu einnig gerðar til þess að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, svo sem þeirri, sem selja verður úr landi á mjög lágu verði.

18. gr.

Setja skal á stofn Útflutningsráð landbúnaðarins, er vinni að því að afla markaða erlendis fyrir íslenzkar landbúnaðarafurðir og vinna að sölu þeirra með viðunandi verði.

Útflutningsráð landbúnaðarins sé skipað 3 mönnum, einum tilnefndum af Stéttarsambandi bænda, einum af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og einum, er viðskiptamálaráðherra tilnefnir.

Nú næst ekki sama verð til bænda fyrir nautgripa- og sauðfjárafurðir á erlendum markaði og framleiðendur fá greitt fyrir þær á innlendum markaði, og má þá fyrst um sinn greiða útflutningsbætur úr ríkissjóði á þær afurðir, þó aldrei meira en sem svarar 10% af heildarverðmæti framleiðslu þessara afurða viðkomandi verðlagsár og aldrei meira en 100% bætur miðað við innanlandsverð til framleiðenda á hverja sérgreinda vöruhegund. Óheimilt er að hækka söluverð á landbúnaðarvörum innanlands til þess að bæta upp söluverð þeirra á erlendum markaði.

Hámarksupphæð útflutningsbóta úr ríkissjóði skal fara lækkandi um a. m. k. 10 milljónir króna á ári á næstu 5 árum, nema ofangreint hámarksákvæði ákvarði lægri upphæð.

Verja má árlega úr ríkissjóði sem svarar allt að 10% af upphæð áætlaðra útflutningsbóta til markaðsöflunar erlendis fyrir íslenzkar landbúnaðarafurðir, einkum þær, sem njóta útflutningsbóta skv. lögum þessum.

19. gr.

Nú lækkar heildarupphæð sú, sem varið er til útflutningsbóta á landbúnaðarvörur, miðað við, að hún sé allt að 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar hvert verðlagsár, reiknað eftir afurðaverði til bænda, og skal þá verja mismuninum á þeirri heildarupphæð, sem greidd verður í þessu skyni, skv. ákvörðun þessara laga, og þeirri upphæð, sem hefði átt að greiða skv. ákvörðun 2. málsgr. 12. gr. laga nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., til þess að jafna og bæta aðstöðu bænda til hagkvæmari búrekstrar og aukinnar framleiðni í landbúnaðarframleiðslu, þannig, að bændur missi einskis í, að því er varðar fjárfamlög úr ríkissjóði til landbúnaðar, frá því sem nú er.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll ákvæði laga nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., sem brjóta í bág við ákvæði þessara laga, svo og öll önnur ákvæði laga, sem kunna að brjóta í bág við lög þessi.

21. gr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

Greinargerð.

Á liðnu hausti skipaði landbúnaðarráðherra 7 manna nefnd til þess að endurskoða gildandi löggjöf um verðlagningu landbúnaðarafurða. Flutningsmaður þessa frumvarps var einn þeirra, sem til var kvaddur að starfa í nefnd þessari.

Niðurstaða nefndarstarfsins varð í meginatriðum sú, að meiri hluti nefndarinnar lagði til, að hið svonefnda sex-manna nefndar kerfi skyldi endurvakið á ný með þeirri aðalbreytingu, að það gæti ekki orðið óvirkt, en ég var því andvígur og lagði til, að Stéttarsamband bænda fengi með lögum viðurkenndan óskoraðan samningsrétt fyrir hönd bænda gagnvart ríkisvaldinu um afurðaverð landbúnaðarins, launakjör bændastéttarinnar og önnur hagsmunamál hennar.

Þar sem allir nefndarmenn viðurkenndu, að mjög væri ábótavant þeim upplýsingagrundvelli, er sex-manna nefnd hefur orðið að byggja starf sitt á, lagði ég einnig til, að komið yrði á fót Kjararannsóknarstofnun landbúnaðarins, er framkvæmdi sjálfstæðar rannsóknir á framleiðslukostnaði landbúnaðarvara, vinnutíma bænda og skylduliðs þeirra, dreifingar- og sölukostnaði landbúnaðarvara, svo og allri verðmyndun þessara þýðingarmiklu neyzluvara allrar þjóðarinnar.

Ég taldi sex-manna nefndar kerfið aldrei geta leitt til annars en mjög tilviljana-kenndrar niðurstöðu, þegar byggja skyldi samningabóf á allsendis ófullnægjandi upplýsingum og gagnasöfnun, svo sem verið hefði.

Þá undirstrikaði ég rækilega í nefndarstarfinu, að ég teldi óeðlilegt með öllu, að stéttarsamtök erfiðismanna í bæjum og kaupúnum skyldu, eins og sex-manna nefndar kerfið gerir ráð fyrir, vera lögskipaðir samningsaðilar móti erfiðismannastétt dreifbýlisins, bændunum.

Öllum má augljóst vera, að þessi skipan er jafnóeðlileg og að verkamenn ættu fulltrúa við samningaborð móti opinberum starfsmönnum, — eða hið gagnstæða, að fulltrúum bænda eða opinberra starfsmanna væri með lögum skipað að samningaborði móti verkamönnum til þess að hafa þar áhrif á launakjör þeirra til lækkunar. Slíku og þvílíku mundu verkamenn auðvitað vísa á bug sem hreinni fjarstæðu.

Þá verður rökum þeim, sem miðstjórn Alþýðusambands Íslands færði fyrir því á s. l. hausti að afturkalla tilnefningu á fulltrúa sínum í sex-manna nefnd, traudla hnekkt, en þau voru meðal annars þessi:

1. Stöðug hækkun á verðlagi landbúnaðarafurða er að mestu bein afleiðing af verðbólguþefnu stjórnarvalda. Á þá þróun getur sex-manna nefnd engin áhrif haft með starfi sínu.

2. Högum bænda er nú svo komið, að því fer viðs fjarri, að unnt sé á réttlátan hátt að leysa ýmis brýnustu vandamál þeirra — sízt af öllu hinna smærri bænda — með verðlagningu landbúnaðarvara einni saman, en sex-manna nefnd hefur ekkert vald til að fjalla um stefnuna í landbúnaðarmálum í heild.

3. Munurinn á verði því, sem bændur fá fyrir framleiðsluvörur sínar, og því, sem neytendur verða að greiða, er svo stórkostlegur, að ógerlegt er fyrir fulltrúa neytenda að hera ábyrgð á söluverði landbúnaðarvara, nema rannsakað sé ofan í kjölinn, hvernig þessi verðmunur verður til.

Það var því krafa Alþýðusambandsins, að ýtarleg og hlutlaus rannsókn yrði látin fram fara á öllum vinnslu-, sölu- og dreifingarkostnaði landbúnaðarvara og það sérstaklega kannað, hve mikill hluti hans stafi af fjárfestingarframkvæmdum milli-liða og hvað af heinum og óhjákvæmilegum sölu- og dreifingarkostnaði.

4. Undir sex-manna nefndar kerfinu er því alls ekki til að dreifa, að framleiðendur eða neytendur hafi úrslitaáhrif á verðákvörðun landbúnaðarvara. Í þeim efnum ræður ríkisvaldið úrslitum. Í verðlagsmálunum á því ríkisvaldið, eðli málsins samkvæmt, að hera fulla ábyrgð gagnvart bændastéttinni.

Öll þessi rök sýna berlega, að það er hvorki rétt né eðlilegt, að Alþýðusamband Íslands sé eða verði áfram aðili að hinu margnefnda sex-manna nefndar kerfi.

Auk alls annars er kerfi þetta byggt á augljósri hugsanavillu. Bændum er skip-

að annars vegar — verkalyðssamtökunum hins vegar sem umboðsaðila andstæðra hagsmuna. Þetta er rangt með öllu. — Hagsmunir verkamanna og bænda eiga í flestu samleið.

Hið rétta er, að annars vegar er framleiðslustéttin, bændurnir, og hins vegar þjóðin öll sem neytendur. Fyrir hana er enginn sjálfsagðari aðili til en ríkisstjórnin á hverjum tíma. Mælir það sízt gegn henni sem samningsaðila gagnvart bændum, þótt henni sé jafnframt skylt að gæta hagsmuna framleiðslustéttanna.

Samkvæmt tillögum meiri hluta sjö-manna nefndarinnar, hefur ríkisstjórnin nú lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. Það er, eins og fyrr segir, meginefni frumvarpsins að endurvekja sex-manna nefndar kerfið. Þar er Alþýðusambandi Íslands ásamt sömu aðilum og áður heimilað að tilnefna fulltrúa í sex-manna nefnd, þrátt fyrir það, að Alþýðusambandið hefur ákveðið beðizt undan slíkri aðild. Síðan segir í frumvarpinu:

„Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningar, og skal landbúnaðarráðherra þá tilnefna í stað þeirra samtaka framleiðenda, er ekki nota rétt sinn, en félagsmálaráðherra á sama hátt í stað samtaka neytenda.“

Þetta er raunar aðalbreytingin á sex-manna nefndar kerfinu frá gildandi lögum. Með þessu skal komið í veg fyrir, að kerfið geti orðið „bráðkvatt“, eins og það hefur orðið tvisvar sinnum.

En komi til ráðherratilnefningar í sex-manna nefnd, hefur kerfið tekið verulegri eðlisbreytingu, þar eð slíkur fulltrúi væri auðvitað með öllu óviðkomandi hagsmunasamtökum framleiðenda eða neytenda.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er að meginefni byggt á þeim skoðunum, er ég túlkaði í sjö-manna nefndinni og fram koma í séráliti, er ég, að nefndarstörfum loknum, lagði fram og nú hefur verið prentað með athugasemdum við frumvarp ríkisstjórnarinnar um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.

Í þessu frumvarpi er málum þessum öllum skipað í fast kerfi, er leysa skuli sex-manna nefndar kerfið af hólmi.

Er flutningsmanni ljóst, að hér er um svo viðamikil og fjölþætt efnahagsmál að ræða, að sjálfsagt er að skipa þeim ekki með lögum án náins samráðs við bændastéttina og hagsmunasamtök hennar, svo og við alla þá aðila, er hagsmuna eiga sérstaklega að gæta í sambandi við lausn þessara mála.

Þess vegna er eðlilegast, að þessu frumvarpi og frumvarpi ríkisstjórnarinnar um endurvekið kerfi sex-manna nefndar verði báðum vísað til umsagnar réttra aðila, en ekki lögfest atbugunarlítið og í flaustri á seinustu annríkisdögum þessa þings.

Mun ég leggja til, að svo verði gert.

Skal nú þessu næst leitast við að gera grein fyrir aðalefni þessa frumvarps.

1. gr. frumvarpsins ákveður, að Stéttarsamband bænda fari að lögum með fyrirvar bændu um verðákvörðun landbúnaðarvara, samninga varðandi þau mál gagnvart ríkisvaldinu, svo og um önnur kjara- og hagsmunamál bændastéttarinnar.

Á sama hátt skal landbúnaðarráðherra fara með fyrirvar ríkisins varðandi samninga um verðákvörðanir á framleiðsluvörum bænda og um önnur kjara- og hagsmunamál þeirra. Þetta hlutverk getur ráðherra falið þriggja til fimm manna nefnd, gagnvart jafnfjölmennri nefnd Stéttarsambands bænda.

Fram til þessa hefur þótt hlýða, að allir þættir landbúnaðarmála heyrðu undir landbúnaðarráðherra. Með þeirri verkaskiptingu stjórnvalda, sem nú er talin nauðsynleg og sjálfsögð, eins og á öllum öðrum sviðum þjóðlífsins, verður mjög að draga í efa, að slíkt fyrirkomulag henti lengur.

Hér er lagt til: Að gerð framleiðsluáætlana landbúnaðarins heyri undir landbúnaðarráðherra. — Að Útflutningsráð landbúnaðarins heyri undir viðskiptamálaráðherra. — Að Kjararannsóknarstofnun bænda heyri undir þann ráðherra, sem Efnahagsstofnunin og hliðstæðar stofnanir heyra undir. — Að Rannsóknar- og eftirlitsnefnd með vörudreifingu landbúnaðarins og dreifingarkostnaði á landbún-

aðarvörum heyri undir þann ráðherra, sem á hverjum tíma fer með verðlagsmál. — Að ákvarðanir um útflutningsbætur á landbúnaðarvörur og niðurgreiðslur þeirra á innanlandsmarkaði heyri undir fjármálaráðherra. — Og loks, að ákvarðanir um innflutning á landbúnaðarvörum skuli heyra undir þann ráðherra, sem fer með verðlags- og viðskiptamál. Þetta verður naumast talin óeðlileg verkaskipting.

2.—6. gr. frumvarpsins fjalla um stéttarleg skipulagsmál bænda.

Eðlilegt verður að telja, að svo sem stéttarsamtökum verkamanna er stakkur skorinn — réttindi og skyldur lögfestar — með lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur, sé réttargrundvöllur hliðstæðra samtaka bændastéttarinnar einnig ákveðinn í lögum.

Í 2. grein segir, að Stéttarsamband bænda skuli koma fram fyrir sambandsins hönd í málefnum bændastéttarinnar. Skal stjórn Stéttarsambandsins m. a. kjósa nefnd, sem í umboði þess annast samningagerð við ríkisvaldið.

Samkvæmt ákvæðum 3. gr. eiga bændur rétt á að stofna stéttarfélög í þeim tilgangi að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum bændastéttarinnar. Þetta er hliðstætt réttarákvæði við rétt verkafólks skv. ákvæðum laganna um stéttarfélög og vinnudeilur.

Þá er í þessari grein skilgreining á hugtakinu bóndi, en fram til þessa hefur það mjög verið á reiki, hverja telja skuli til bændastéttarinnar. Skal hinn fjölmenni hópur kauptúna- og kaupstaðarbúa, sem búfjárrækt stundar í smærri eða stærri stíl, teljast til bænda? Skulu garðyrkjumenn, sem framleiða mikið magn grænmetis og garðávaxta, teljast bændur? Skulu þeir, sem alifuglarækt stunda, teljast til bændastéttarinnar eða ekki o. s. frv., o. s. frv.? Þannig eru vafatriðin fjölmörg, enda hafa menn ekki tölur á reiðum höndum um tölu bænda í landinu. Veltur þar mjög á því, hvernig hugtakið bóndi er skilgreint.

Hér er hver sá talinn bóndi, sem er ábúandi á lögbýli og hefur framfæri að meiri hluta af landbúnaði.

Sýslumönnum og bæjarfógetum er ætlað að semja skýrslur um bændur í umdæmum sínum. Fundur viðkomandi stéttarfélags bænda sker úr um það, hver teljist bóndi. Úr ágreiningsatriðum um það sker þing Stéttarsambands bænda endanlega.

Sérhvert stéttarfélag bænda skal skv. 4. gr. opið öllum bændum á félagssvæðinu, og er það hliðstætt ákvæðum vinnulöggjafarinnar gagnvart verkalýðsfélögum.

Í 5. gr. segir, að heimilt sé að ákveða, að félagssvæði stéttarfélags bænda megi aldrei vera minna en eitt sýslufélag eða kaupstaður. Þó er heimilt að hafa félagssvæðið stærra, ef um vipuð framleiðsluskilyrði og áþekka framleiðsluhætti er að ræða að því er landbúnað varðar í tveimur eða fleiri sýslufélögum.

Samkvæmt vinnulöggjöfinni er lágmark félagssvæðis verkalýðsfélags eitt sveitarfélag. En nú eru menn sammála um, að slíkar félagseiningar séu of smáar. Stefnir þróunin í verkalýðssamtökunum eindregið í þá átt að stækka félagssvæðin. Við það verða félagseiningarnar starfhæfari og styrkari, enda gera bættar samgöngur slíkt vel mögulegt.

Það er skv. 6. gr. frumvarpsins réttur bænda að kjósa fulltrúa á þing Stéttarsambands bænda. Nú er þessi réttur í höndum kjörmannafunda eða búnaðarsambanda, sem eru einingar í öðru félagakerfi, nfl. Búnaðarfélagi Íslands.

Þá er í 6. gr. ákveðið, að þing Stéttarsambands bænda hafi æðsta vald í félagsmálefnum sambandsins.

Einn veikasti hlekkurinn í sex-manna nefndar kerfinu er sá, að upplýsinga-grundvöllinn hefur að mestu vantað. — Hér þarf úr að bæta, ef samningar eiga að geta leitt til skynsamlegrar niðurstöðu.

7.—13. gr. þessa frumvarps fjalla um Kjararannsóknarstofnun bænda, sem skal vera sjálfstæð og hlutlaus ríkisstofnun. Hlutverk hennar skal vera það að rannsaka kjör bænda, aðstöðu þeirra og aðbúnað, vinnutíma þeirra og skylduliðs þeirra, svo og aðkeypts vinnuafis, raunverulegan framleiðslukostnað landbúnaðarvara og allt

það, sem varðar verðlagningu landbúnaðarvara og á einhvern hátt getur stuðlað að því, að ákvörðun verðlags á þeim verði réttlát og sanngjörn.

Kjararannsóknarstofnuninni er ætlað að taka við yfirstjórn Búreikningaskrifstofunnar.

Þá skal Kjararannsóknarstofnun bænda safna upplýsingum um ástand allra byggðra býla á landinu, ræktunarmöguleika þeirra, aðstöðu til samgangna, rafmagn, síma o. s. frv.

Kjararannsóknarstofnunin skal einnig rannsaka, hvaða bústærð sé hagkvæmest í hverri búgrein og hvort sérhæfing búskapar sé æskileg á vissum landbúnaðarsvæðum, einnig hvað gera megi til að auka hagkvæmni í búrekstri.

Komi í ljós við rannsókn, að einstakar jarðir, sem eru í ábúð, hafi ekki framtíðarskilyrði til hagkvæms búrekstrar, getur Kjararannsóknarstofnunin hlutast til um, að búrekstri á slíkum jörðum skuli hætt, en gera skal eigendur eða ábúendur slíkra jarða skaðlausa af þeim ráðstöfunum og þeir studdir til búskapar við hagkvæmari skilyrði, ef þeir óska þess.

Eiga skal Kjararannsóknarstofnunin greiðan aðgang að öllum skýrslum Hagstofu og Efnahagsstofnunar, er landbúnað varða. Einstaklingum og fyrirtækjum skal skylt að láta Kjararannsóknarstofnuninni í té allar þær upplýsingar, er hún krefst og nauðsynlegar eru vegna starfa hennar. Skylt er Kjararannsóknarstofnuninni að birta árlega skýrslur um störf sín, einkum um allt það, sem orðið gæti bændum og öðrum til leiðbeiningar um aukna hagkvæmni og framleiðni á sviði landbúnaðarframleiðslunnar.

Kjararannsóknarstofnun bænda á skv. frumvarpinu að vera alhliða hagstofnun landbúnaðarins.

13. gr. frumvarpsins fjallar um Rannsóknar- og eftirlitsnefnd með dreifingarkerfi og dreifingarkostnaði landbúnaðarvara. Er þar komið að þýðingarmiklum þætti verðlagsmála landbúnaðarins, sem ótvírætt er jafnmikilsverður bændum sem neytendum. Skiptir það raunar þjóðina alla verulegu máli, að öllum dreifingar- og sölukostnaði landbúnaðarvara sé stillt í hóf. Er það engum hollt, að þessi viðtæka viðskiptastarfsemi fari fram án samkeppni og án eftirlits, svo sem nú á sér stað.

Á þessu sviði er eðlilegt og sjálfsagt, að launþegasamtök og bændur eigi samstarf, en ekki um sjálf launamál bændastéttarinnar, eins og sex-manna nefndar kerfið ætlast til.

Frumvarpið gerir ráð fyrir skipun sjö-manna nefndar, er starfi í náinni samvinnu við Kjararannsóknarstofnun bænda og rannsaki og hafi eftirlit með öllu dreifingarkerfi og dreifingarkostnaði landbúnaðarvara.

Lagt er til, að nefndin sé skipuð einum fulltrúa frá hverju eftirtalinna samtaka: Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, og þremur mönnum tilnefndum af Stéttarsambandi bænda. Sjöundi maðurinn er eðlilegt að verði forstöðumaður Kjararannsóknarstofnunar bænda, og gegni hann formennsku í nefndinni.

Það er sérstaklega hlutverk þessarar nefndar að hafa eftirlit með því, að vinnsla, dreifing og sala landbúnaðarvara sé sem hagkvæmest og ódýrust, þannig að milli-liðakostnaður hvers konar, sem leggst á landbúnaðarvöru, frá því að framleiðendur skila henni af hendi og þar til hún kemst í hendur neytenda, sé sem allra lægstur.

Skylt skal Kjararannsóknarstofnun bænda og Rannsóknar- og eftirlitsnefnd dreifingarkerfisins að láta samninganefnd ríkisstjórnar og Stéttarsambands bænda í té allar skýrslur, athuganir og ábendingar, er leitt geti til réttlátrar verðákvörðunar landbúnaðarvara.

Samningar um verðlagningu landbúnaðarvara og önnur kjara- og hagsmunamál bændastéttarinnar skulu hefjast upp úr miðjum júní ár hvert. Stefnt skal að því að ná heildarsamkomulagi um landbúnaðarmál, m. a. um eftirfarandi atriði:

1. Verðlagningu landbúnaðarvara og breytingar verðs í samræmi við aðrar verðlagsbreytingar, sem verða kunna á samningstímabilinu.

2. Ráðstafanir til að auka hagkvæmni og framleiðni í íslenskum landbúnaði og að framleiðslan verði jafnan í samræmi við þarfir hins innlenda markaðar.

3. Ráðstafanir til aukinnar neyzlu innanlands, t. d. með lækkuðum dreifingar-kostnaði, auknum vörugæðum og hagkvæmri dreifingu.

4. Reglur um innflutning vissra landbúnaðarvara, m. a. til samanburðar við verð og gæði innlendrar framleiðslu.

5. Opinbera aðstoð og styrkveitingar, svo og hagkvæmar lánveitingar til landbúnaðar. Þó sé þess sérstaklega gætt, að opinber aðstoð til landbúnaðarins verði ekki til að auka umframframleiðslu, er síðan verði að styrkja með útflutningsbótum.

Náist ekki samningar um verðlagningu landbúnaðarvara, fer ágreiningur til sáttasemjara ríkisins og sætir meðferð skv. ákvæðum laga um stéttarfélag og vinnudeilur, eftir því, sem við getur átt.

Strandi sáttumleitanir sáttasemjara, gerir frumvarpið ráð fyrir, að forsætisráðherra geti skipað sáttanefnd. Beri starf hennar ekki heldur árangur, skal bændum heimilt að ákveða sölustöðvun á landbúnaðarvörum, að uppfylltum þeim skilyrðum og takmörkunum, sem sett eru stéttarfélagum verkamanna um verkföll í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum og til verndar rétti sínum.

Svo gagngerar sáttatilaunir sem hér er gert ráð fyrir að samningum strönduðum tryggja það, að bændur gripa ekki til sölustöðvunar nema í ýrustu neyð, þegar þeim er sýnd mikil óbilgirn og traðkað er á rétti þeirra. En þá virðist líka sjálfsgagt, að bændur njóti sömu mannréttinda og aðrar stéttir, er frjálsan samningsrétt hafa um lífskjör sín.

Sáttatillögur allar skulu að sjálfsögðu leggjast fyrir samtök bænda til samþykktar eða synjunar, á sama hátt og slíkar tillögur ganga undir atkvæði í stéttarfélagum verkamanna.

Í 17. gr. frv. eru ákvæði um, að Kjararannsóknarstofnun bænda skuli árlega gera framleiðsluáætlun fyrir landbúnaðinn á komandi verðlagsári og einnig áætlanir fyrir lengri tíma, eftir því sem unnt þykir.

Með áætlunum þessum skal við það miðað að reyna að beina þróun landbúnaðarframleiðslu inn á þær brautir, er bezt fullnægi neyzluþörfum þjóðarinnar.

Útflutningsráði landbúnaðarins, sem um er rætt í 18. gr., er ætlað það hlutverk að vinna að öflun markaða erlendis fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir á viðunandi verði.

Náist ekki sama verð til bænda fyrir nautgripa- og sauðfjárafurðir á erlendum markaði og framleiðendur fá fyrir þær greitt innanlands, má að hámarki greiða 10% af heildarverðmæti þessara afurða viðkomandi verðlagsár sem útflutningsbætur. Á hverja sérgreinda vörutegund mega þessar bætur aldrei vera hærrí en 100% miðað við innanlandsverð til framleiðenda.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að hámark útflutningsbóta úr ríkissjóði skuli lækka um a. m. k. 10 milljónir króna á ári næstu 5 árin.

Heimilt er að verja úr ríkissjóði allt að 10% af upphæð áætlaðra útflutningsbóta til markaðsöflunar erlendis, einkum vegna þeirra landbúnaðarvara, sem útflutningsbóta njóta skv. lögum þessum.

Þá er að lokum kveðið svo á í frumvarpinu, að mismuninum á lækkandi útflutningsbótum, skv. þessu frumvarpi, og þeirri upphæð, sem greiða bæri skv. gildandi lögum, skuli varið til að jafna og bæta aðstöðu bænda til hagkvæmari búrekstrar og aukinnar framleiðni í landbúnaðarframleiðslu, þannig, að bændur missi einskis í að því er varðar fjárframlög úr ríkissjóði til landbúnaðar frá því, sem nú er.

Þessu kerfi, sem hér hefur lauslega verið gerð grein fyrir og varðar félagsmál bænda, skipulags- og framleiðslumál landbúnaðarins, svo og verðlagningu landbúnaðarvara, ásamt öllum meginhagsmunamálum bændastéttarinnar, er ætlað að leysa hið svo nefnda sex-manna nefndar kerfi af hólmi.

Verði frv. þetta samþ., skulu öll ákvæði framleiðsluráðslaganna og annarra laga, sem brjóta kunna í bág við ákvæði þess, úr gildi felld.